

Alþingi
Erindi nr. P 122/1989
komudagur 24.4.'98

Vinnumálasambandið



Kringlan 7 · 123 Reykjavík · Sími 520 5555 · Símbref 568 1284

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,
b.t. nefndasviðs Alþingis,
Þórshamri v/Templarasundi,
150 Reykjavík

Reykjavík, 22.4.1998.

Vinnumálasambandið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 642. mál. Í máli þessu vegast á ólíkir hagsmunir útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja. Komið hefur í ljós við athugun VMS að skoðanir aðildarfyrirtækja eru mjög skiptar um þetta frumvarp.

Þau fyrirtæki, sem ekki hafa skip heldur taka við síld til bræðslu vilja engan kvóta, og og hafa veiðarnar áfram frjálsar, þau benda á að óvíst hvort heildaraflinn náist með öðru móti.

Forsvarsmenn fiskvinnslufyrirtækja, sem sérhæft hafa sig í vinnslu uppsjávarfisks til manneldis, segja að alltaf hafi verið fullyrt af hálfu stjórnvalda að ekki yrði byggt á veiðireynslu við úthlutun á kvóta. Af þessum sökum hafa nokkur fyrirtækin strax reynt að veiða síld til manneldisvinnslu, sem leitt hafi til minna magns en ella og þar af leiðandi minni veiðireynslu. Þau telja kvótaskiptingu forsendu manneldisvinnslu, sem gefur mesta arðsemi þjóðhagslega séð.


Fyrirtæki sem hafa aðgang að bræðslu og eiga skip með mikla veiðireynslu vilja gjarnan kvótaskiptingu, en tekið verði verulega tillit til veiðireynslu. Þetta telja fyrirtækin að hafi í raun verið markmið úthafsveiðilaganna frá 151/1996. Á þeim hafi verið byggt af hálfu stjórnvalda við úthlutun á Rock Hall svæðinu og Reykjaneshrygg. Með kvótaskiptingu verður girt fyrir það að óhóflega margir útgerðarmenn fari að stunda þessar veiðar, sem gera myndi arðsemina minni en ella. Einnig sé ósanngjarnt að útgerðir sem aðeins hafi til málamynda stundað þessar veiðar í fyrri fái úthlutað kvóta.

Vinnumálasambandið tekur ekki beina afstöðu til reglna þessa frumvarps en vill þó benda á eftirfarandi atriði:

- Sterk rök virðast mæla með að við kvótaúthlutun verði að einhverju leyti byggt á veiðireynslu.
- Ekki verður séð að þau skip, sem rétt hafa bleytt veiðifæri til að verða sér úti um veiðiréttindi eigi að fá mikinn kvóta.
- Verði tekið tillit til veiðireynslu þarf að taka sérstakt tillit til þeirra skipa, sem reynt hafa síldveiðar til manneldisvinnslu undanfarin ár.

Það er einnig grundvallaratriði að mati VMS að stjórnendur fyrirtæka geti við ákvarðanir sínar byggt á reglum stjórnvalda, sem verði gildandi um eitthvert árabíl. Því er mjög mikilvægt að sátt verði um þær reglur, sem settar verði um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Virðingarfyllst,


Jón R. Pálson